



Hefur þitt sveitarfélag áhuga á að taka leiðandi hlutverk í vinnu við þróun aðlögunaraðgerða vegna áhrifa loftslagsbreytinga á sveitarstjórnarstigi?

Þegar kemur að loftslagsbreytingum hefur megináherslan hingað til verið lögð á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Áhrifa loftslagsbreytinga er þó farið að gæta í sífellt meira mæli og ljóst að þau verða okkur áskorun til framtíðar. **Aðlögun að loftslagsbreytingum** er því að verða stöðugt mikilvægari.

Sveitarfélög koma til með að þurfa að taka aðlögun inn í alla ákvarðanatöku í framtíðinni, sérstaklega hvað varðar skipulagsmál, fjárfestingar og uppbyggingu, styrkingu innviða og félagslegra kerfa.

Sérstök aðgerð hefur verið skilgreind í núgildandi Byggðaáætlun 2022-2026. Snýr hún að því að móta heildstæða nálgun íslenskra sveitarfélaga að aðlögun að loftslagsbreytingum (aðgerð C.10.). Aðgerðin er á ábyrgð Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og er framkvæmd í samstarfi við Byggðastofnun, Skipulagsstofnun og Skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands.

Á grundvelli aðgerðarinnar er **óskað eftir þátttöku nokkurra sveitarfélaga** við að móta aðferðafræði fyrir sveitarfélög til þess að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga. Gert er ráð fyrir því að 4-5 sveitarfélög verði valin til þess að vinna náið með sérfræðingum fyrrnefndra stofnana að því að þróa og prufukeyra aðferðafræðina.

Verði eftirspurnin umfram það, mun framkvæmdarteymi verkefnisins velja til þátttöku með það fyrir augum að verkefnið spanni sem fjölbreyttastan hóp sveitarfélaga m.t.t. stærðar, lykilatvinnugreina og veðurfars(loftslags)tengdra áskorana. Þeim sveitarfélögum sem sækjast eftir þátttöku en verða ekki fyrir valinu verður boðið að taka þátt í bakhópi verkefnisins sem ætlaður er til skoðanaskipta, upplýsingamiðlunar og stuðnings.

Vinnan felur m.a. í sér greiningar á áhættu og aðlögunarhæfni sveitarfélaganna sem um ræðir, hvar aðlögunar er þörf og hvernig henni skal háttáð. Vinnunni er ætlað að skila tveimur meginafurðum:

- **Aðgerðapakka vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum fyrir sveitarfélögin sem taka þátt.**
- **Leiðbeiningarit sem gagnast mun öðrum sveitarfélögum í aðlögunarvinnu í framtíðinni.**

Gert er ráð fyrir að verkefnið hljóti fjármögnun frá stjórnvöldum svo framlag sveitarfélaga verður einungis á formi vinnuframlags. Þá helst funda og ráðgjafar til framkvæmdaraðila og í einhverjum tilfellum gagnaöflunar. Umfang slíkrar vinnu mun ráðast af þeim áhættuþáttum sem skoðaðir verða hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig en það verður ákveðið í samráði við viðkomandi sveitarfélag.

Hvaða gagn hefur þitt sveitarfélag af þátttöku?

- Gott tækifæri til þess að fá aðstoð við að vinna að aðkallandi verkefnum innan aðlögunar sem ljóst er að öll sveitarfélög þurfa að fást við á einhvern hátt í náninni framtíðinni.
- Einstakt tækifæri til þess að vinna með fagstofnunum og öðrum viðeigandi aðilum til þess að afla mikilvægra gagna um þær ógnir sem þitt sveitarfélag stendur frammi fyrir vegna loftslagsbreytinga. Þar má nefna áhættumat v. loftslagsbreytinga og greiningar á aðlögunarhæfni og berskjöldun atvinnugreina, innviða og samfélags gagnvart helstu áhættum.



- Aðgerðarpakki sem sveitarfélagið þitt getur nýtt sér til framtíðar, þar sem aðlögunaraðgerðir hafa verið mótaðar, þeim forgangsraðað og þær kostnaðargreindar út frá fyrrnefndum greiningum. Athugið, að sveitarfélagið er með þessu ekki að skuldbinda sig til innleiðingar á umræddum aðgerðum.
- Fræðsla og upplýsingar um verkefni og áskoranir sveitarfélaga innan aðlögunar, sem og regluleg samskipti við önnur sveitarfélög innan málaflokksins.
- Sveitarfélagið tekur leiðandi hlutverk við að þróa leiðarvísi í átt að aðlögun fyrir önnur sveitarfélög á Íslandi og vera þannig fordæmisgefandi fyrir önnur sveitarfélög, bæði hérlendis og erlendis.

Áhugasömum er bent á að setja sig í samband við Ragnhildi Friðriksdóttur hjá Byggingastofnun (ragnhildur@byggdastofnun.is) eigi síðar en **18. nóvember** 2022.